

Nemendur 5. bekkjar söfnuðu pening til styrktar **ABC barnahjálp**. Þau söfnuðu fyrir alls 710 skólamáltíðum eða 35.503,- kr. Krakkarnir tóku verkefnið mjög alvarlega og voru mjög dugleg að safna svo miklu, frábær árangur fyrir ekki fleiri börn. Þetta voru þau; Birgir Þór Björnsson, Birkir Rafn Júlíusson, Brynja Dögg Björnsdóttir, Friðrik Þór Ragnarsson, Hákon Breki Harðarson, India Anna Bielaczyc, Lýdía Tómasdóttir og Viktoría Eldey Grétarsdóttir.

**Magnús — Stefánsson**, gamall Raufarhafnarbúi, kom á heimaslóðir fyrr í vetur og fræddi okkur unglíngana og foreldra okkar um skaðsemi fíkniefna og áfengis. Hann hrósaði okkur og fannst við vera flottir unglíngar. Ekki slæmt að fá svona hrós.



7.-8. bekkur er á fullu í verkefninu **Reyklaus bekkur** og verður spennandi að sjá útkomuna hjá þeim. Þeir sem voru í 7. og 8. bekk síðasta vetur, en eru núna í 8. og 9. bekk, gáfu öllum nemendum og starfsfólki skólans boli með slagorðum, sem sjást ósjaldan í íþróttatímum núorðið. Við óskum núverandi þátttakendum verkefnisins góðs gengis.

**Stóra upplestrarkeppnin** var haldin fimmtudaginn 16. apríl og mættu 12 nemendur til að taka þátt. Rósa Björg lenti í 1. sæti fyrir Grunnskóla Raufarhafnar, Snæpór lenti í 2. sæti fyrir Öxarfjarðarskóla og Rögnvaldur lenti í 3. sæti fyrir Kópaskersskóla. Einnig voru Tönju Tómasdóttur veitt verðlaun fyrir myndasamkeppni (NEED verkefni) sem hún tók þátt í og lenti hún í 4. sæti af 104 krökkum í 4 löndum og fékk bekkurinn hennar 100 evrur í verðlaun.



Sýning nemenda Grunnskólans á Raufarhöfn á **Kardemommubænum** var í alla staði stórglæsileg. Allir nemendur skólans á aldrinum 6 - 16 ára tóku þátt í sýningunni og var afraksturinn hreint frábær. Krakkarnir syngja mikið í sýningunni og leiklistin býr svo sannarlega í þeim :-). Leikstjórar eru kennararnir okkar þær Heiða og Olga. Vegna fjölda áskorana verður önnur sýning miðvikudaginn 22. apríl klukkan 18:00.

Ritnefnd :  
Þorbjörg Eva, Karen Ósk og Þórunn Nanna

